

Ed.

208. Frumvarp til laga

[114. mál]

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Soffia Ingvarsdóttir.

1. gr.

1. málsg. 11. gr. laganna skal orða svo:

Stundi gift kona atvinnu utan heimilis síns og hjá öðrum en manni sínum eða fyrirtæki, sem hann er meðeigandi að, skal skattur lagður á tekjur hvors hjónanna um sig.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Á síðari tímum hefur þjóðfélagsþróunin stefnt að því, að konur fái sams konar menntun og svipað uppeldi og karlar. Afleiðingin er eðlilega sú, að sífellt fleiri konur, að loknu ýmiss konar námi, taka að sér ýms störf utan heimilis, þó giftar séu. Enn fremur eru fjárhagsástæður margra heimila þannig, að konan þarf að leggja á sig mikla vinnu utan heimilisstarfanna til að afla heimilinu nauðsynlegra tekna. Samkvæmt núgildandi skattalögum, þar sem laun eiginkonu eru lögð við laun manns hennar, þegar talið er fram til skatts, fer óeðlilega mikill hluti af launum konunnar í skattgreiðslu. Af þeim sökum batnar fjárhagur heimilisins óeðlilega lítið, þó að konan leggi hart að sér við utanheimilsstörf. Mótmælaraddir kvenna gegn þessu óréttlæti skattalaganna hafa á síðari árum orðið æ háværari, og hafa kvennasamtökin sameinast í aðalatriðum um þá kröfu, sem felst í grein þeirri, er hér liggur fyrir.